

AKSTURSÍPRÓTTASVÆÐI Á GLERÁRDAL, AKUREYRI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að akstursípróttasvæði Bílaklúbbs Akureyrar á Glerárdal, Akureyri, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmda- og byggingarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Akureyrarbær, Bílaklúbbur Akureyrar og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. júlí 2008.

INNGANGUR

Þann 7. mars 2008 tilkynnti Akureyrarbær, f.h. Bílklúbbs Akureyrar (BA), samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 11 a í 2. viðauka laganna til Skipulagsstofnunar fyrirhugað akstursípróttasvæði Bílklúbbs Akureyrar.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnun-veiðimálastjórn og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 29. apríl 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 18. apríl 2008, Matvælastofnunar-veiðimálastjórn með bréfi dags. 4. apríl 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. apríl 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Akureyrarbæ með bréfi dags. 23. maí 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum kemur fram að framkvæmdasvæði Bílklúbbs Akureyrar liggur að Hlíðarfjallsvegi að norðanverðu og austan þess er óbyggt svæði og fyrirhugað iðnaðarsvæði. Sunnan svæðisins er verndarsvæði Glerár og að vestanverðu er svæði Akstursípróttafélags vélsleða- og vélhjólamanna á Akureyri (KKA).

Svæði Bílklúbbs Akureyrar er 37,6 ha að stærð og gert er ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum og starfsemi:

- Lagningu nýs tengivegar inn á svæðið frá Hlíðarfjallsvegi og núverandi vegi lokað.
- Lagningu 750 m langrar malbikaðrar spyrnubrautar samkvæmt alþjóðlegum staðli.
- Lagningu malbikaðra kappaksturs- og æfingabrauta ásamt brautum og köflum til æfingaaksturs samkvæmt reglum um ökugerði.
- Lagningu malarbrauta til æfingaaksturs.
- Aðstaða til að halda torfærukeppnir.
- Byggingu klúbbhúss og þjónustuhúss vegna ökukennslu auk tilheyrandi bílastæða.

Einnig verði afmarkaður byggingarreitur nyrst á svæðinu fyrir viðgerðar-, geymslu- og þjónustuhús fyrir starfsemi BA og tengda starfsemi. Miðað sé við að allt jarðefni til landmótunar og framkvæmda falli til við tilflutning á efni innan svæðisins, m.a. frá þeim efnistökusvæðum sem ekki eru fullnýtt. Þannig verði ekki umfangsmikill efnisflutningur til eða frá svæðinu um aðliggjandi gatnakerfi.

Fram kemur að starfsemi felist í rekstri ökugerðis fyrir æfingaakstur, Gocart brautar og æfinga og mótahalds vegna almennra akstursípróttas s.s. hringaksturs og spyrnu. Spyrna sé aðeins stunduð á sumrin og hugsanlegt að á hverju sumri verði tvær stærri keppnir auk minni keppna, allt að aðra hverja helgi, ásamt æfingum einu sinni til tvisvar í viku.

Gert sé ráð fyrir að framkvæmdir hefjist um leið og framkvæmdaleyfi liggur fyrir og miðað við að framkvæmdatími við gerð hljóðmana, brautarsvæða og umhverfisfrágang verði um eitt ár, en að byggingar geti byggst upp á lengri tíma.

Mat Akureyrarbæjar er að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að áhrif uppbyggingar eru almennt talin jákvæð. Meðal annars er horft til þess að stígatengingar og aðgengi að svæðinu mun batna. Gönguleið frá núverandi reið- og gönguleið austan svæðisins, meðfram gilbrún Glerárgils og áfram inn á Glerárdal, mun vegna stærðar öryggissvæðis á svæði Skotfélags Akureyrar sveigja frá gilbrúninni upp fyrir svæði Skotfélags Akureyrar og þaðan áfram til suðurs inná Glerárdal.

Löng hefð er fyrir starfsemi á vegum BA vestast á svæðinu, en klúbburinn hefur staðið fyrir torfærukeppnum á svæðinu í yfir 30 ár.

Áhrif á samfélag. Fram kemur að með frágangi á núverandi námasvæði og uppbyggingu aðstöðu fyrir akstursíþróttir (og svæði fyrir skotáhugamenn) verði bætt sú aðstaða sem iðkendur þessara íþróttagreina búa við í dag. Einnig sé settur mun skýrari rammi um alla starfsemi þeirra og tryggt að hún uppfylli ströngustu öryggis- og umhverfiskröfur. Æfingagerði fyrir ökunema verður til þess að ungir öikumenn fái mun betri þjálfun við akstur strax í upphafi síns akstursferils, sem muni auka öryggi ungra öikumanna umtalsvert.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að á svæði BA verði einungis í notkun farartæki sem eru skráð eða uppfylla kröfur Umferðarstofu um hámarks hljóðgjöf, sem er í dag 105 dB. Umhverfis svæðið verða umfangsmiklar hljóðmanir og gróður sem muni draga úr hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni. Hljóðstig frá spyrnubraut uppfylli kröfur til hámarks augnablikshljóðstigs (LA,max=55 dB). Hljóðstig við hesthúsabyggðirnar Hlíðarholt og Breiðholt verði innan settrar kröfu og að lang mestu leyti í kringum 50 dB. Jafngildishljóðstig frá hringakstri og GoCart brautum fyrir eina klukkustund verði innan við danskar kröfur, nema að hluta á verndarsvæði Glerár. Það sama eigi við um ökugerðisnotkun, nema að hluta á verndarsvæði Glerár, við Glerárbæinn og við bæinn Hlíðarenda.

Í vissum tilfellum megi gera ráð fyrir að hljóðstig frá starfseminni fari yfir ströngustu viðmiðunarmörk. Þar sem verndarsvæði Glerár liggja alveg upp við akstursíþróttasvæðið fari áætlað hljóðstig í öllum tilfellum yfir viðeigandi mörk. Við Glerárbæ fari áætlað hljóðstig yfir viðeigandi mörk þegar starfsemi verði í ökugerði og á spyrnubraut, en jafnframt þegar Gokart og hringakstur fari fram á sama tíma. Við íbúðarbyggð að Hlíðarenda fari áætlað hljóðstig yfir mörk þegar ökugerði og spyrnubraut verði í notkun. Við Lögmannshlíðarkirkju fari áætlað hljóðstig yfir mörk þegar starfsemi verði á spyrnubraut. Vegna athugasemda hestamanna um mögulega slyshættu vegna starfsemi á akstursíþróttasvæðinu hafa verið lagðir til kostir varðandi nýja legu reiðleiðar sem liggja fjær svæðinu en reiðleið samkvæmt gildandi aðalskipulagi og verði endanleg ákvörðun um legu reiðleiða tekin að höfðu samráði við félag hestamanna á svæðinu.

Áhrif á landslag. Fram kemur að uppbygging svæðisins sé talin hafa jákvæð áhrif á landslag og sjónræna þætti. Gengið verði frá opnum námum, lagðir stígar og reistar manir með grasi og svæðið grætt upp. Þess verði gætt að hljóðmanir og girðingar falli vel að landi og valdi sem minnstum sjónrænum áhrifum.

Áhrif á vatnafar. Fram kemur að áhrif á vatnsgæði séu talin verða lítil sem engin. Hvorki sé gert ráð fyrir að á svæðinu verði bensín- eða olíustöð né önnur spilliefni geymd þar að staðaldri, nema í samráði við og í samræmi við umgengnisreglur og frágangskröfur sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra muni setja.

Áhrif á gróður og dýralíf. Fram kemur að áhrif á gróðurfar og dýralíf séu talin verða jákvæð, þar sem svæðið verður grætt upp og gengið frá því.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að tekið hafi verið tillit til menningarminja sem eru í nágrenni við bæinn Glerá. Til að tryggja að framkvæmdir á svæðinu hafi ekki för með sér áhrif á aðrar fornminjar, eru rannsóknir fyrirhugaðar sumarið 2008 samkvæmt tillögum minjavarðar Norðurlands-eystra.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 og tillögu að deiliskipulagi.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að byggja upp framtíðar æfinga- og keppnissvæði fyrir akstursíþróttafélög á Akureyri auk ökugerðis fyrir akstursþjálfun og prófun ökutækja.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Akureyrarbær, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Fornleifavernd ríkisins og Matvælastofnun-veiðimálastjórn telja framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli hún því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun getur ekki fallist á þá takmörkun á útivistarmöguleikum og hávaðamengun í Glerárgljúfrum sem fyrirhugaðar framkvæmdir til akstursæfinga (og skotæfinga) munu valda og nýtast aðeins tilteknum hópi og telur að ef framkvæmdir fari fram samkvæmt framlögðum tillögum geti umhverfisáhrif orðið umtalsverð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að álit Umhverfisstofnunar virðist byggjast á umfjöllun um deiliskipulagssvæðið allt, en ekki komi fram með skýrum hætti hvert stofnunin telur umfang áhrifa af framkvæmd varanlegrar kappaksturs- og reynsluakstursbrautar fyrir vélknúin ökutæki, á svæði BA, sem er hér til umfjöllunar.

Einnig sé mikilvægt að hafa í huga þau jákvæðu áhrif sem framkvæmdin mun hafa í för með sér. Með framkvæmdinni er verið að byggja upp aðstöðu fyrir akstursíþróttir og með því bæta til muna þá aðstöðu sem iðkendur þessara íþróttagreina búa við í dag. Löng hefð sé fyrir starfsemi á vegum BA vestast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þar sem klúbburinn hefur staðið fyrir torfærukeppnum á svæðinu í yfir 30 ár. Með skipulagi svæðisins og tengdum framkvæmdum verði settur mun skýrari rammi um alla starfsemi þeirra og tryggt að hún uppfylli ströngustu öryggis- og umhverfiskröfur. Æfingagerði fyrir ökunema, muni auka öryggi ungra ökumanna. Áhrif á gróðurfar og dýralíf eru talin verða jákvæð, þar sem svæðið verður grætt upp og gengið frá því. Uppgræðsla verður til þess að binda jarðveg og draga þannig úr uppblæstri og rykmengun. Loftmengun vegna ryks er því talin verða minni en nú er. Aðgengi að svæðinu mun batna og stígatengingar umhverfis svæðið. Niðurstaða Akureyrarbæjar er því sú að fyrirhuguð uppbygging á svæðinu hafi umtalsverð jákvæð áhrif fyrir Akureyringa og aðra sem munu nýta aðstöðuna. Að teknu tilliti til umfjöllunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í umhverfisskýrslu, þeirra atriða sem fjallað er um nánar í svörunum, mótvægisáðgerða og þeirra jákvæðu áhrifa sem framkvæmdin mun hafa í för með sér, er það mat Akureyrarbæjar að framkvæmdin

muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á náttúruminjar. Umhverfisstofnun bendir á að almennt þegar vötn, ár og tjarnir eru sett á náttúruminjasrá sé miðað við að vernda beri ána og farveg hennar ásamt 100 metra breiðu beltí ofan eðlilegra flóðamarka eða gljúfurbrúna. Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að ekki verði þrengt að svæði á náttúruminjasrá og að göngustígur meðfram gilinu norðanverðu, alla leið upp á Glerárdal verði að veruleika.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mörk deiliskipulagssvæðis akstursípróttar og skotsvæðis í Glerárdal sé í samræmi við samþykkt Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 og samkvæmt því utan verndarsvæðis Glerár. Mörk verndarsvæðis Glerár í Aðalskipulagi Akureyrar séu í samræmi við mörk svæðisins skv. kortaupplýsingum um svæði á náttúruminjasrá á vef Umhverfisstofnunar.

Áhrif á samfélag. Umhverfisstofnun bendir á að akstursípróttir (og skotæfingar) eru mikilvægar ípróttir fyrir þann hóp er þær stunda, en jafnframt fer mikilvægi útivistar í fagurri náttúru sívaxandi fyrir stóran hóp. Lögð er áhersla á að staðið sé þannig að framkvæmdum að svigrúm sé fyrir útivist og náttúrurskoðun samfara umræddri ípróttaiðkun.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé verið að víkja frá því meginmarkmiði aðalskipulagsins að opin svæði innan og utan bæjar myndi eina samhangandi heild, enda eru útivistarsvæði til sérstakra nota talið hluti af heildarkerfi opinna svæða í bæjarlandinu. Þeim sé m.a. ætlað að skapa sem fjölbreyttust tækifæri til tómsunda og útivistar, sbr. meginmarkmið í aðalskipulaginu. Samkvæmt deiliskipulagstillögu sé gert ráð fyrir að verndarsvæði Glerár verði ekki raskað, en lögð áhersla á að allir þættir útivistar fari saman og geti eflst. Þannig gerir tillagan ráð fyrir göngustíg til almennrar útivistar sem liggja á mörkum svæðisins og verndarsvæðisins. Markmiðum aðalskipulags Akureyrar um bætt aðgengi að Glerárdal er náð m.a. með gerð bílastæðis vestan svæðis SA, auk göngustígs sem liggur frá byggð og upp með Glerárgili að vestanverðu að bílastæðinu. Aðkoman að útivistarsvæðinu á Glerárdal er því bætt til muna. Að austan eru bílastæðin og upplýsingaskilti þar við talsvert innar en deiliskipulagssvæðið og því utan áhrifasvæðis þess. Megin útivistarsvæði Glerárdals er ofan svæðisins sem er til umfjöllunar og utan áhrifasvæðis þess.

Áhrif á hljóðvist. Umhverfisstofnun bendir á að sú starfsemi á svæði Bílklúbbs Akureyrar sem getur haft í för með sér mestan hávaða eru æfingar og keppni í spyrnu. Í skýrslu frá Línuhönnun kemur fram að hámarks augnablikshljóðstig frá spyrnubraut *Lmax,I* fer yfir mörkin hvað varðar verndarsvæði Glerár, hljóðstigið er yfir mörkum við íbúðarbyggð að Hlíðarenda, við Lögmanshlíðarkirkju og Glerárbæ. Athygli vekur að hávaðamengunin nær til göngustígs upp með Glerárgljúfri að sunnanverðu og göngustígur meðfram Glerárgljúfri að norðanverðu er innan hávaðamengunarsvæðis á afar löngum kafla. Vakin er athygli á að reiðleiðir, hesthúsahverfi og fagurt útivistarsvæði þar sem fólk fer til að njóta útiveru og hvíldar annars vegar og hávaðasamar aksturs- og skotípróttir fara afar illa saman. Í umfjöllun um hljóðmengun í umhverfisskýrslu kemur fram að „*Hugsanlegt er að endurskoða legu gönguleiðarinnar við gerð heildarskipulags af Glerárvæðinu, verði talin þörf á.*“ Undirstrikað er að gönguleið verði á brún Glerárgils að norðanverðu án takmarkana þar sem útivistarfólk geti óáreitt stundað útivist og náttúrurskoðun. Einnig er ljóst að hávaðamengun mun hafa áhrif á íbúðabyggð, hesthúsabyggð og

fyrirliggjandi reiðleiðir, enda kemur fram að verið sé að skoða nýjar reiðleiðir þar sem hávaðamengun muni ekki valda reiðmönnum hættu. Stofnunin er ekki sammála þeirri fullyrðingu að verið sé að miða við strangari kröfur en íslensk reglugerð gerir ráð fyrir, þar sem í íslensku reglugerðinni er kveðið á um að nota hávaðareglur frá hinum Norðurlöndunum fyrir þau tilvik sem íslenskar hávaðareglur ná ekki yfir.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, þar sem m.a. er vísað í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins um tillögu að deiliskipulagi svæðisins dags. 24.09 2007. Þar komi fram, að fengnu álit frá Umhverfisstofnun á fyrirliggjandi hljóðvistarútreikningum, að ekki séu gerðar athugasemdir við forsendur og útreikninga um líklegt hljóðstig á svæðinu. Akureyrarbær leggur áherslu á að í þeim tilfellum sem hljóðstig fer yfir umrædd viðmiðunarmörk er um að ræða hljóðstig sem varir í mjög skamman tíma í einu, en ekki viðvarandi hávaða og því er það mat Akureyrarbæjar að áhrif á hljóðvist verði ekki umtalsverð. Af þeim sökum telur Akureyrarbær auk þess litlar líkur á því að hljóðvist hafi umtalsverð áhrif á upplifun þeirra sem nota verndarsvæði Glerár til útivistar, s.s. göngufólks sem á þar leið um, þó svo áhrifin verði vissulega einhver. Einnig er það áréttað að umrædd starfsemi er háð framkvæmdar- og starfsleyfum frá Akureyrarbæ og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, þar sem settar verða nákvæmar starfsreglur um starfsemina með tilliti til hljóðvistar, leyfilegs búnaðar, umgengni o.fl. sem miða að því að halda öllum umhverfisáhrifum í lágmarki. Akureyrarbær telur að umhverfisáhrif frá umræddri starfsemi séu ekki slík, að hún geti ekki farið saman við aðra útivist í nágrenni svæðisins. Þar sé m.a. horft til þess að svæðið hefur til margra ára verið notað til ýmissa aksturs- og torfærukeppna, auk þess sem SA hefur haft starfsemi á svæðinu í um 10 ár, án þess að svo virðist sem slíkt hafi haft teljandi áhrif á möguleika til útivistar á nærliggjandi svæðum. Með tillögu að deiliskipulagi svæðisins og framkvæmd þess er með markvissum hætti verið að setja skilyrði og takmarkanir um nýtingu svæðisins og starfsemi viðkomandi klúbba stýrt mun betur en verið hefur hingað til, til að lágmarka neikvæð áhrif frá starfseminni, s.s. varðandi hljóðvist og aðra þætti.

Áhrif á landslag. Umhverfisstofnun bendir á að gera þurfi betur grein fyrir jarðvegsmönnum á austurmörkum framkvæmdasvæðisins. Ekki sé gerð nægjanleg grein fyrir girðingum á svæðinu, þær séu hvorki sýndar á deiliskipulagsupphráttum né á sneiðmyndum sem fylgja með til skýringar. Umhverfisstofnun telur að girðingar muni hafa afgerandi áhrif hvað varðar sjónræn áhrif framkvæmdanna. Mikilvægt sé að þar sem framkvæmdasvæðið og svæði á náttúruminjaskrá mætast verði vandað vel til verka og gróður og frágangur miði að því að vera í samræmi við óraskað svæði á náttúruminjaskrá og önnur aðliggjandi svæði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Akureyrarbær tekur undir mikilvægi þess að gengið sé frá svæðinu með vönduðum hætti og þannig að samræmi sé við aðliggjandi svæði, þ.m.t. náttúruverndarsvæði, sbr. það sem kemur fram í deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu hennar. Varðandi útfærslu girðinga, er almennt gert ráð fyrir að girðingar verði innan jarðvegsmana og því ekki sýnilegar utan svæðisins. Ekki verði séð að áhrif girðinga umhverfis svæðið hafi í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif og í öllu falli ekki umfram það sem tíðkast við önnur íþrótta- og svæði sem eru afgirt í landi Akureyrar og annarsstaðar þ.m.t. knattspyrnusvæði, golfvelli, hestamannasvæði, ofl. Gert er ráð fyrir að manirnar verði með hallanum 1:2,5 og dregnar að aðliggjandi landi þannig að ekki myndist skarpar brúnir. Garðarnir verði síðan græddir upp og í þá plantað blönduðum gróðri. Á svæðinu er mikið af lífrænum jarðvegi sem notaður verður í frágang hljóðmananna þannig að

uppgræðsla þeirra á að geta gengið hratt. Ákvæði um uppgræðslu verða fest frekar í framkvæmda- og starfsleyfi.

Áhrif á loft og vatnafar. Umhverfisstofnun bendir á að starfsemi á áætluðu framkvæmdasvæði muni hafa í för með sér loftmengun í formi útblásturs frá jarðefnaeldsneyti. Frágangur á námasvæði og jarðvegstípp muni útiloka uppblástur frá svæðinu, en hætta sé á jarðvegsmengun af völdum eldsneytis og olíu. Undirstrikað er mikilvægi þess að samvinna verði höfð við heilbrigðiseftirlit svæðisins um vöktun á svæðinu gagnvart mengun.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir mikilvægi þess að haft sé náið samráð við heilbrigðiseftirlit svæðisins um allar framkvæmdir á svæðinu sem geta hugsanlega haft í för með sér mengun. Akureyrarbær mun auk þess hafa samráð við heilbrigðiseftirlitið um gerð vöktunaráætlunar og vöktun á tilteknum umhverfisþáttum á og við framkvæmdasvæðið, svo tryggt sé að ákvæði í starfsleyfum séu uppfyllt.

Áhrif á gróður og dýralíf. Matvælastofnun-veiðimálastjórn bendir á að ef fyrirhuguð er efnistaka sem tengist Glerá þurfi að afla heimildar stofnunarinnar til þess.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að fullt tillit er tekið til athugasemda sem minjavörður Norðurlands eystra setti fram á hönnunarstigi framkvæmdarinnar auk þess sem útfærsla og framkvæmd verður í samráði við hann.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framkvæmdasvæði Bílaskúls Akureyrar er liggur að Hlíðarfjallsvegi að norðanverðu og austan þess er óbyggt svæði og fyrirhugað iðnaðarsvæði. Sunnan þess er verndarsvæði Glerár og svæði Akstursíþróttafélags vélsleða- og vélhjólamanna á Akureyrir (KKA) að vestanverðu. Svæði BA er 37,6 ha að stærð. Starfsemin felst í rekstri ökugerðis fyrir æfingaakstur, Gocart brautar og æfinga og mótahalds vegna almennra akstursíþróttasvæða s.s. hringaksturs og spyrnu. Spyrna sé aðeins stunduð á sumrin og hugsanlegt að á hverju sumri verði tvær stærri keppnir auk minni keppna, allt að aðra hverja helgi, ásamt æfingum einu sinni til tvisvar í viku.

Miðað er við að allt jarðefni til landmótunar og framkvæmda falli til við tilflutning á efni innan svæðisins, m.a. frá þeim efnistökusvæðum sem ekki eru fullnýtt.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á náttúruminjar í Glerárdal verði ekki veruleg. Ljóst er að framkvæmdin þrengir að Glerárgljúfri sem náttúruminum, en að mati Skipulagsstofnunar sé það ekki umfram það sem núverandi landnotkun hefur valdið. Leggja verður hins vegar áherslu á að við gerð hljóðmana og aðra landmótun verði ekki frekari röskun á gilbrúninni en orðið er.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á samfélag verði talsverð. Jákvæð áhrif verða m.t.t. þeirrar íþróttaiðkunar sem fram á að fara á svæðinu og í ökugerði, sem stuðlar að auknu almennu umferðaröryggi. Einnig hefur framkvæmdin í för með sér gerð gönguleiðar sem opnar betur útivistarleið upp með Glerárgili vestanverðu og gerir það aðgengilegra til náttúruskoðunar en verið hefur og frágangur svæðisins dregur úr moldroki. Neikvæð áhrif verða á hljóðvist þar sem starfsemi á akstursíþróttasvæði fylgir hávaði og verður aukning á hávaða við Glerárgilið frá því sem nú er. Hávaðamengun verður þó ekki stöðug heldur mest í stuttan tíma í einu, endurtekinn yfir daginn, einkum um helgar að sumarlagi. Hávaði kann því að trufla

upplifun útivistarfólks, einkum þeirra sem eru á ferð við gilið framhjá svæðinu en einnig hugsanlega á stærra svæði. Mest er hætta á neikvæðum áhrifum hávaða ef hann veldur því að hestar á reiðleiðum fælast og slysaætta skapast, en fyrir liggja tillögur Akureyrarbæjar um nýja legu reiðleiðar þar sem hávaði verður undir 45 dB(A) og því ekki verulegur.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á landslag verði þó nokkur, einkum vegna gerðar hljóðmana. Svæðið í heild mun verða þannig frá gengið að um verður að ræða verulega jákvæð landslagsáhrif frá ríkjandi ástandi.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á loft verði jákvæð þar sem tekið verður fyrir uppblástur og fok úr námum en loftmengun frá ökutækjum verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á vatnafar, dýralíf og menningarminjar verði óveruleg. Frágangur svæðisins og uppgræðsla muni hafa jákvæð áhrif á gróður.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Akureyrarbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Akureyrarbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að akstursíþróttasvæði Bílklúbbs Akureyrar á Glerárdal, Akureyri, sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmda- og bbyggingarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Akureyrarbær, Bílklúbbur Akureyrar og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. júlí 2008.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson